

8
12. jan.

Reglugjörð

um viðauka við reglugjörð 21. maí 1908, um meðferð á póstsendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitar- eða bæjarstjórnnum.

Auk stjórnarvalda þeirra, er talin eru í 1. gr. reglugjörðar 21. maí 1908, um meðferð á póstsendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitar- eða bæjarstjórnnum, skal hagstofa Íslands talin meðal stjórnarvalda þeirra, er getur um 11. gr. a. 1. og 12. gr., sbr. 14. gr. í póstlögnum 16. nóv. 1907.

Í stjórnarráði Íslands, 12. janúar 1914.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

9
14. jan.

Reglugjörð

fyrir eldvarna- og slökkvilið í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í Vestmannaeyjum skal falin 5 manna nefnd, og eiga sæti í henni sýslumaður sem formaður, oddviti hreppsnefndar, slökkviliðsstjóri og 2 menn, er hreppsnefndin kys til þriggja ára í senn.

2. gr.

Brunamálanefnd skal hafa eftirlit með, að hlýtt sje fyrirmælum laganna um varnir gegn eldsvoða, að eldvarnaáhöld sjeu útveguð og þeim haldið við í góðu ástandi. Hún skipar fyrir um hið árlega eftirlit með eldstæðum, reykháfum, um hreinsun reykháfa, og um varúð alla, er hafa skal í húsum til að fyrirbyggja eldsuppkomu.

3. gr.

Eldvarna- og slökkvilið skiftist í þessa flokka:

I. Slökkvilið, er skiftist í

a. Slökkvivivjelalið.

b. Vatnsburðarlið.